



Fundargerð

**Svæðisráð norðursvæðis - 59. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn í fjarfundi
9. maí 2019, kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Óli Halldórsson formaður, Anton Freyr Birgisson svæðisráðsfulltrúi, Ásvaldur Ævar Þormóðsson svæðisráðsfulltrúi, Hjördís Finnbogadóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Grétar G. Ingvarsson fulltrúi útivistarféлага, Hjalti Páll Þórarinsson fulltrúi ferðamálasamtaka í fjarveru Arnheiðar Jóhannsdóttur, Guðmundur Ögmundsson þjóðgarðsvörður og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður á hálendi.

1. DrekaGil - lóðaúthlutun - 1903016

Þjóðgarðsvörður á hálendi fór yfir ferli lóðaúthlutunar í þjóðlendu og lagði fyrir drög að auglýsingu vegna úthlutunar lóðar fyrir aðstöðuhús í DrekaGili.

Svæðisráð samþykkir auglýsinguna og bendir á brýna þörf til heildstæðs deiliskipulags í DrekaGili.

2. Stofnun miðhálandisþjóðgarðs - 1809019

Rætt um málefni miðhálandisþjóðgarðs og afmörkun með tilliti til stöðu Jökulsárgljúfra. Löng umræða varð um málið, hugsanlegt skipulag, rekstur og auðkenningu með tilliti til ólíkra hópa ferðamanna.

Svæðisráð telur ekki rétt að álykta um málið að svo stöddu en mun taka það til umræðu á ný þegar nefnd um stofnun miðhálandisþjóðgarðs hefur birt í samráðsgátt stjórnvalda tillögur að svæðismörkum þjóðgarðsins.

3. Stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs - Herðubreiðarfriðland og þjóðlendan vestur - 1905007

Þjóðgarðsvörður á hálendi fór yfir stöðu um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs sem næmi Herðubreiðarfriðlandi og þjóðlendunni vestan þess, sem fyrst var borin upp af svæðisráði 2014. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti tillöguna samhljóða, með þeim fyrirvara að slóðum að minjum verði haldið opnum sem og leitarlóðum fyrir búfé. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti veitti 4,5 milljónum til landvörslu á svæðinu árið 2019 og 5,1 milljón til framkvæmda á svæðinu 2020.

Svæðisráð fagnar þessari viðbót og auknum fjárveitingum til svæðisins. Svæðisráð lýsir áhuga á nánú samstarfi við sveitarfélagið varðandi skilmála stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.

4. Þjóðgarðastofnun - frumvarp - 1904012

Umfjöllun um áform um þjóðgarðastofnun.

Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs telur brýnt að efla faglega- og stjórnunarlega umgjörð þjóðgarða og friðlýstra svæða. Ráðið telur tilkomu nýrrar

stofnunar sem sinni þessum málaflokki á landsvísu styrkja til muna þjóðgarða og önnur friðlýst svæði. Svæðisráðið leggur áherslu á nauðsyn þess að stofnunin verði skipulögð þannig að áhrif heimafólks verði tryggð, með sama hætti og nú er í svæðisráðum og stjórn Vatnajökulspjóðgarðs. Jafnframt telur svæðisráðið nauðsynlegt að störf innan stofnunarinnar verði á starfsstöðvum þjóðgarða og friðlýstra svæða á landsbyggðinni, rétt er eins og nýlega hefur verið mörkuð stefna um í Vatnajökulspjóðgarði (sbr. fundargerð stjórnar frá 8.4.2019:

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/Fundarg-stjorn/129.-fundur-stjornar-8.-april-2019.pdf>).

Fundi slitið kl. 12:00.